



Vonarstræti 4b
101 Reykjavík
s 511 6161
vimulaus.is
vimulaus@vimulaus.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/343
komudagur 22.11.2007

Reykjavík, 20. nóvember 2007

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn v. frumvarps (þskj.6 - 6. mál)

Frumvarp til laga, um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks, lagt fram á 135. löggjafarþing 2007–2008 (þskj. 6 — 6. Mál).

Vimulaus æska leggst gegn umræddu frumvarpi og telur að samþykkt þessi muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu og auka þann vanda sem neysla áfengis veldur.

Áfengi er engin venjuleg vara og um hana þurfa ekki að gilda sömu viðmið og um ýmsar aðrar vörur.

Traustar heimildir renna stoðum undir það að áfengi sé engin venjuleg vara. Nýlega kom út á vegum Evrópusambandsins skýrsla um umfang áfengisvandans í Evrópu. Í skýrslunni sem unnin var af tveimur breskum sérfræðingum, Peter Anderson og Per Baumberg, er bent á að íbúar Evrópu drekka meira en íbúar annarra heimsálfa. Afleiðingarnar eru einnig gífurlegar. M.a er áætlað að 55 milljónir fullorðinna Evrópubúa drekki áfengi sér til skaða og að rekja megi u.þ.b. 195 þúsund dauðsföll í Evrópu (aðildarríkjum Evrópusambandsins) árlega til neyslu áfengis, þ.e. vegna slysa, lifrarsjúkdóma, krabbameina o.s.frv. Neysla áfengis er þriðja algengasta orsök ótímabærra dauðsfalla íbúa í aðildarríkjum Evrópusambandsins, næst á eftir tóbaki og háþrýstingi.

Samkvæmt skýrslunni má rekja meira en eitt af hverjum fjórum dauðsföllum í umferðinni til ölvunaraksturs (u.þ.b. 10 þúsund dauðsföll árlega). Meira en eitt af hverjum fjórum dauðsföllum meðal ungra karlmannna (á aldrinum 15-29 ára) í aðildarríkjum Evrópusambandsins, og eitt af hverjum tíu dauðsföllum meðal ungra kvenna á sama aldri, eru vegna áfengisneyslu (s.s. vegna umferðarslysa, sjálfsvíga, ofbeldis o.s.frv.). Þá hefur ölvunardrykkja orðið almennari um alla Evrópu á undanföllum árum, sérstaklega í hinum tíu nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Alls er áætlað að áfengisvandinn hafi kostað aðildarríki Evrópusambandsins 125 milljarða evra árið 2003. Í þessum kostnaði felst m.a. tap vegna lélegra afkasta í vinnu og fjarveru frá vinnu og ótímabær dauðsföll. Beinn kostnaður er áætlaður 66 milljarðar evra, s.s.vegna afbrota, umferðarslysa, sjúkdóma og forvama.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni WHO mátti á árinu 2000 rekja 4,0% allra dauðsfalla og örorku í heiminum til áfengis. Áfengi reyndist fimmti skaðlegasti áhættuþátturinn af 26 sem kannaðir voru. Áfengi veldur álíka miklu heilsutjóni og tóbak. Í þróuðum ríkjum var áfengi þriðji skaðlegasti áhættuþátturinn og olli 9,2% alls heilsutjóns.

Verði frumvarplið samþykkt mun það leiða til aukins aðgengis að áfengi sem reynslan sýnir að auki neysluna.

Áfengismálin varða veigamikinn og stóran þátt í velferðarmálum þjóðarinnar. Því telja samtökin að vanda verði sérstaklega allar ákvarðanir sem varða aðgengi, sölu og dreifingu áfengis þar sem heildarhagsmunir verði látnir ráða við ákvarðatöku sem þurfa að byggjast á traustum rannsóknarniðurstöðum. Af gögnum sem nú þegar liggja fyrir verður ekki betur séð en að sala áfengis í matvöruverslunum auki neysluna og þau vandamál sem geta fylgt áfengisneyslu.

Í bókinni Alcohol- no ordinary commodity, research and public policy, sem kom út árið 2003 er lagt vísindalegt mat á gagnsemi mismunandi aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaða sem rakinn er til áfengisneyslu.

Í flestum iöndum gilda margvíslegar reglur um það hver megi kaupa og hver megi selja áfengi. Slíkar takmarkanir byggjast á markmiðum sem lúta að heilsusjónarmiðum og almennum öryggisatriðum. Reynslan sýnir enn fremur að takmarkanir á aðgengi að áfengi geta dregið úr drykkju og vandamálum tengdum áfengi. Með aðgengi er átt við hversu auðvelt sé að verða sér úti um áfengi og að neyta þess. Kannanir á höftum og aðgengi að áfengi hafa t.d. sýnt að stytting afgangstíma, fækkun söludaga og útsölustaða helst í hendur við minni neyslu og tjón af völdum hennar.

F.h. Vímulausrar æsku
Elísa Wíum, framkvæmdastjóri

HEIMILDIR:

Alcohol in Europe: A public health perspective. A report for the European Commission. Institute of Alcohol Studies, UK, June 2006.

Áfengi – engin venjuleg neysluvara. Samantekt úr bókinni: Alcohol, no ordinary commodity, research and public policy. Lýðheilsustöð, 2005.

Áfengi – engin venjuleg neysluvara. Samantekt úr bókinni: Alcohol, no ordinary commodity, research and public policy. Lýðheilsustöð, 2005 (bis 6).

WHO. The Global Burden of Disease 2000.

vimulaus.is